

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skilmannahrepps 2002-2014, Stóri-Lambhagi, Hvalfjarðarsveit.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 28. janúar 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skilmannahrepps 2002-2014 frá 15. ágúst 2007.

Breytingin felst í breyttri landnotkun á um 1,7 ha athafnasvæði við Laxá í landi Stóra-Lambhaga. Hluti svæðisins sem nú er skilgreint sem athafnasvæði breytist í blandað íbúðar-, verslunar- og þjónustusvæði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 28. janúar 2008.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 13. febrúar 2008